

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 13/2003**

**frá 31. janúar 2003**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XIII. viðauka við samninginn:

1. Liður 55a verði liður 55aa.
2. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54a (texti liðar 54a (tilskipun ráðsins 94/58/EB) falli brott):  
  
„55a. **32002 L 0059**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).“
3. Liður 55aa (tilskipun ráðsins 93/75/EBE) falli brott með gildistöku frá 5. febrúar 2004.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/59/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.